

Mál nr. 362/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar.Gildissvið ábyrgðartryggingar vegna tjóns á þaki.**Gögn.**

Málskot mótttekið 23. október 2020 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 23. október 2020.

Málsatvik.

Af takmörkuðum gögnum málsins má sjá að starfsmenn M hafi verið að vinna við uppsetningu reykrörs á húseign þegar tjón varð á þakplötum húseignarinnar. Starfsmenn M höfðu ekki sett upp sérstakar varnir til að sporna við slíku tjóni, en ekki virðist heldur komist hjá því að ganga um þakið við framkvæmd verksins.

M telur að greiða eigi bætur vegna tjónsins úr ábyrgðartryggingu hans. M mótmælir rökstuðningi sem kom fram í höfnun V á tjóninu þar sem komi fram að starfsmenn M hafi verið með þak húseignarinnar í vörslum sinni. M bendir á að tjón hafi ekki orðið á því sem starfsmenn fyrirtækisins voru að vinna við heldur því sem undir fótum þeirra var þegar þeir unnu við reykrörið.

V telur að undanþáguákvæði vátryggingarskilmála í c.lið gr. 7.1 eigi við um tjón það sem M hefur gert kröfu um að bótaskyld sé af hálfu félagsins. Þar komi fram að félagið bæti ekki tjón vegna skemmda á munum sem vátryggður tekur að sér að gera við, hreinsa, setja upp eða vinna við með einum eða öðrum hætt, ef tjónið verður af verkinu eða við verkið. V telur að M hafi haft þakið í heild sinni í vörslum sínum þar sem ekki sé hægt að skilja það frá reykrörinu sem verið var að vinna við að setja upp. Einnig vísar V til tiltekinna úrskurða í málum nefndarinnar máli sínu til stuðnings.

Álit:

Af gögnum málsins virðist ekki vera ágreiningur um að tjón varð á þakplötum á húseign vegna háttsemi starfsmanna M þegar þeir voru að vinna við uppsetningu á reykröri á þaki húseignarinnar. Í vátryggingarskilmálum ábyrgðartryggingar M hjá V kemur m.a. fram í gr. 3.1 að vátryggingin taki til skaðabótaábyrgðar sem fellur á vátryggðan vegna skemmda á munum. Í 7. gr. er síðan gerð grein fyrir almennum undantekningum vegna skemmda á munum. Í c.lið gr. 7.1 kemur nánar tiltekið fram að vátryggingin taki ekki til skemmda á munum sem „...vátryggður tekur að sér að gera við, hreinsa, setja upp eða vinna við með einum eða öðrum hætti, ef tjónið verður af verkinu eða við verkið.“ Þetta undanþáguákvæði er skýrt en nauðsynlegt er að skilgreina í þessu máli hvort M var með einum eða öðrum hætti að vinna við þak húseignarinnar þegar reykrörið var sett upp. Af myndum af vettvangi verður ekki annað séð en að starfsmenn M hafi ekki komist hjá því að fara um þakið til að komast að umræddu reykröri. Það er staðsett á þakinu og ekki hægt að skilja það frá því. Verður því ekki hjá því komist að líta svo á að M hafi verið að vinna við þakið með einum eða öðrum hætti við uppsetningu reykrörsins þegar tjón varð á þakplötum. Ábyrgðartrygging M hjá V tekur ekki til slíkra tjóna á munum skv. áðurnefndum c. lið gr. 7.1 í vátryggingarskilmálum.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á að tjón á þakplötum sé bætt úr ábyrgðartryggingu hjá V.

Reykjavík, 17. nóvember 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.